

## Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Katrínu Jakobsdóttur  
um skuldir og vaxtagjöld ríkissjóðs.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu mikið mundu vaxtagjöld ríkissjóðs lækka ef skuldir ríkissjóðs yrðu greiddar  
niður um:*

- a. 20 milljarða kr.,*
- b. 20 milljarða kr. á ári í fjögur ár,*
- c. 80 milljarða kr.?*

Staða skulda í árslok 2013 er áætluð 1.492 milljarðar kr. og áætluð vaxtagjöld eru 74,5 milljarðar kr.

Hér á eftir er miðað við meðalvexti heildarskulda ríkissjóðs.

- a. Miðað við 20 milljarða kr. lækkun á höfuðstól munu vaxtagjöld ársins lækka um 1.000 millj. kr. sé lækkunin miðuð við 1. janúar 2014.
- b. Miðað við 20 milljarða kr. lækkun á höfuðstól næstu fjögur árin munu vaxtagjöld ársins lækka um 1.000 millj. kr. á ári eitt, 1.050 millj. kr. á ári tvö, 1.100 millj. kr. á ári þrjú og 1.150 millj. kr. á ári fjögur sé lækkunin miðuð við 1. janúar ár hvert.
- c. Miðað við 80 milljarða kr. lækkun á höfuðstól munu vaxtagjöld ársins lækka um 3.995 millj. kr. sé öll lækkunin miðuð við 1. janúar 2014.

Lækkun vaxtagjalda fæst með því að lækka vaxtagjöld í jöfnu hlutfalli við lækkun skulda í a-, b- og c-lið.

Lækkun vaxtagjalda miðast alltaf við heilt ár. Ekki er gert ráð fyrir verðlagsbreytingum á milli ára.

